



# Almannaþingir Árnæssýslu

7. fundur Almannaþingarnefndar Árnæssýslu, haldinn mánudaginn 22. mars 2021 kl: 14:00 í fjarfundi og í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

## Mætt:

Sveitarfélagið Árborg

Hveragerðisbær

Grímsnes og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Flóahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Bláskógabyggð

Sveitarfélagið Ölfus

Svæðisstjórn björgunarsveita

Lögreglan á Suðurlandi

Lögreglan á Suðurlandi/AÁ

Rauði krossinn

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almannaþingir/Brunaþingir Árnæssýslu

Sólveig Þorvaldsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir (teams)

Ingibjörg Harðardóttir

Jón G. Valgeirsson (teams)

Eydís Indriðadóttir

Kristófer A. Tómasson

Ásta Stefánsdóttir

Elliði Vignisson (teams)

Gunnar Ingi Widnes Friðriksson (teams)

Kjartan Þorkelsson,

Oddur Árnason,

Björn Ingi Jónsson

Jóhann Hannes Jónsson

Díana Óskarsdóttir (teams),

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir (teams)

Pétur Pétursson,

Lárus Kristinn Guðmundsson og

Unna Björg Ögmundsdóttir

Ásta Stefánsdóttir formaður setur fundinn, býður fólk velkomið og skipar Pétur Pétursson sem fundarstjóra. Fundargerð ritar Unna Björg Ögmundsdóttir.

## I. Fyrri hluti:

### **Fræðsluerindi.**

Opið öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnunum og bæjar-/sveitarstjórnunum.

Gestir fundarins: Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppur (teams), Helgi S. Haraldsson,

Árborg (teams), Björn Kristinn Pálmarsson og Smári Kolbeinsson, Grímsnes og

Grafningshreppur (teams).

#### **a. Sólveig Þorvaldsdóttir, erindi vegna velferðarverkefnis sveitarfélaga**

Sólveig sagði frá því að á síðasta fundi var rætt um hvað Almannaþingarnefnd gæti gert í tilfalli velferðarþjónustu í áföllum. Sólveig átti samtalið við Ragnheiði Hergeirsdóttur varðandi verkþætti fyrir verkefni um velferðarþjónustu. Fundarmenn hafa fengið punkta úr því samtali og fór Sólveig yfir þá punkta.

#### **b. Gissur Pétursson og Tryggvi Haraldsson, félagsmálaráðuneytinu, segja frá störfum innan ráðuneytisins hvað varðar viðbrögð við covid.**

M.a. var sett upp viðbragðsteymi í upphafi covid-faraldursins til að draga úr þjónustrofi við viðkvæma hópa, starf teymisins hefur þróast með faraldrinum og reynt hefur að

tryggja að viðkvæmir hópar líði ekki fyrir það ástand sem hefur skapast. Teymi til uppbyggingar hefur líka verið sett á stökk, m.a til að reyna að sporna gegn atvinnuleysi.

*Fyrri hluta fundarins slitið kl 14:45 og þakkar Pétur fyrir erindið. Gestir yfirgefa fundinn. Samþykkt að framkvæmdaráðið, Ásta, Aldís og Sólveig, vinni áfram í velferðarverkefninu.*

## II. Síðari hluti:

### a. Mál til kynningar:

#### i. Endurskoðun almannavarnalaga, staða mála

Kjartan sagði frá því frumvarpið eigi að fara fyrir þing í vor en ekki komu margar athugasemdir í samráðsgáttina.

#### ii. Yfirlit frá verkefnastjóra almannavarna um verkefni sem unnið er að

Björn Ingi sagði frá sínum verkefnum en covid-19 hefur verið stærsta verkefnið síðasta árið og fundað hefur verið mjög oft. Hann hefur verið að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga við að fara eftir þeim reglum og takmörkunum sem eru í gangi hverju sinni og hrósar hann Sunnlendingum fyrir gott samstarf.

\*Áætlanir um samfélagsleg áföll eru komnar hjá öllum sveitarfélögum í umdæminu nema Árborg. Komið er að endurskoðun á þeim og er á döfinni að fara yfir þær með hverjum og einum sveitarstjóra. Í tengslum við þá vinnu verði skoðað með almannavarnardaga eða viku.

\*Varðandi aðgerðarstjórn er stefnt er að því að funda með svæðisstjórnunum á svæðum 3, 15 og 16 til að ræða um stýringu aðgerða og staðsetningu vettvangsstjórna, stöðu og styrkleika björgunarsveita, menntun stjórnenda í AST og VST. Góður árangur hefur náðst í samstarfi viðbragðsaðila á svæðinu og er eftir því tekið á landsvísu.

\*Viðbragðsáætlun vegna Örfajökuls er tilbúin en ný skýrsla um gosið 1362 hefur bent á mikilvægi rýmingar svæðisins áður en eldgos hefst í Örfajökli. Gjóskuflóð og gushlaup eru fyrstu flóðin sem mynduðust í gosinu 1362 og mikill hiti og gasmengun fylgir slíkum flóðum.

\*Búið er að kynna áhættumat frá Veðurstofu Íslands vegna sprungunnar á Svínafellsheiði. Það er nú verið að ákveða með hvaða hætti vinna skal viðbragðsáætlun og með hvaða hætti sveitarfélagið Hornafjörður formgerir áhættumatið. Sú vinna og þekking sem við höfum komið að á Svínafellsheiði nýtist nú á fleiri stöðum meðal annars á Seyðisfirði í tengslum við eftirlit með hlíðinni.

\*Drög að áhættumati fyrir Reynisfjöru eru komin út og er næsta skref að vinna með ferðapjónustuaðilum að sameiginlegum markmiðum í öryggi ferðamanna á Íslandi. Slíkt viðmið er stór forsenda fyrir að hægt sé að taka skipulega á nauðsynlegum áhættuþáttum með fyrirbyggjandi aðgerðum. Þessi markmið yrði síðan hægt að heimfæra yfir á fleiri ferðamannastaði eins og t.d. Reykjadal, Þingvelli, Gullfoss og Geysi.

\*NSR samstarfið, samstarf raforkufyrirtækja, er einnig í fullum gangi. Æfing var fyrirhuguð í mars en hefur verið frestað vegna atburða á Reykjanesi. Umgjörð æfingar er gos í Heklu svipað og varð 1947.

\*Yfirstandandi eldsumbrot á Reykjanesi hafa kallað á fundi og upplýsingarflæði til sveitarfélaga. Gas mælur lögreglunnar nýttust frá fyrstu mínútum goss til að fylgjast með hvort gasmengun væri að koma yfir byggð í Ölfusi, Hveragerði og Árborg. Í umdæminu eru margir staðir sem geta valdið gasmengun og því var fjárfest í fjórum mælum. Þeir mæla fjórar lofttegundir: súrefni O<sub>2</sub>, brennistein H<sub>2</sub>S, brennisteinsdíoxíð SO<sub>2</sub> og kolsýring CO.

\*Óskað hefur verið eftir áhættugreiningu vegna ferðamanna á Heklu. Fundað

hefur verið með Veðurstofunni og almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra um stöðuna. Í skoðun er að afmarka viðvörðunarsvæði í ákveðnum radíus frá Heklu en ferðamenn sem koma inn fyrir þau mörk fengu boð í farsíma. Komin er í gang endurskoðun á viðbragsáætlun vegna Heklu.

\*Á síðasta ári var lokið við gerð varnargarðs við Víkurklett. Garðurinn mun hindra að flóð geti komist beint inn til Víkur. Veðurstofan, að ósk embættisins, er að skoða sjávarflóð sem geta myndast vegna Kötlugoss og lent á suður ströndinni svo sem Vík og víðar. Niðurstað þessar vinnu verður síðan nýtt í endurskoðun á viðbragðsáætlun vegna Kötlu.

\*Unnið er að rýmingaráætlun vegna Bárðarbungu með flóð til suðurs.

\*Ýmsum öðrum smá verkefnum er einnig sinnt eins og fundum með vísindaráði almannavarna vegna þeirra náttúruváa sem eru innan umdæmisins, tengslum við vísindamenn HÍ vegna rannsóknarverkefna sem auka á þekkingu tengdri náttúruvá, samskiptum við Póst og fjarskiptastofnun vegna mælinga og úrbóta á fjarskiptum. Auk þess að svara erindum og fyrirspurnum sem berast vegna almannavarna.

### iii. Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta

Björn Ingi sagði frá því að vinna við viðbragðsáætlun er hafin og komin beinagrind af viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta á Suðurlandi með almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra. Verið er að safna saman upplýsingum, gögnum og kortum frá Veðurstofu Íslands og vísindamönnum um þekkt sprungusvæði, líklegar stærðir skjálfta á Suðurlandi og einnig er horft til líkinda skjálfta. Þetta er inngangshluti áætlunarinnar, síðan á eftir að fara í hverja og eina viðbragðseiningu og fara yfir hlutverk þeirra í áætluninni.

### iv. Gróðureldar og hjólhýsasvæði

Hafin er vinna við gerð viðbragðsáætlunar vegna skógar- og kjarrelða á Suðurlandi. Sveitarfélögin þurfa að koma að þessari vinnu gegnum skipulagsferli og upplýsingar um hvað er nú þegar í skipulaginu. Þátttaka í vinnu stýrihóps um forvarnir gegn gróðureldum, mikilvægt er að toga Veðurstofa Íslands að þessu verkefni, veðurstofur í nágrenni löndum okkar hafa mikið hlutverk vegna þurrka tímabila og veðurfarslegar aðstæðna sem geta aukið líkur á gróðureldum. Fundur með HMS og Veðurstofunni um viðvaranir og skipulag í frístundabyggð og hjólhýsasvæði er fyrirhugaður.

Umræður og spurningar úr sal. Umræður um breytingar hjá Rauða krossinum eftir að svæðisstjóranum var sagt upp en mikil eftirsjá er eftir starfsmanninum.

Pétur ræddi hjólhýsamál og skipulagningu á hjólhýsasvæðum. Ásta sagði frá samstarfi við skógræktina varðandi rýmingu á hjólhýsasvæðunum. Umræður.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:18.